



Fréttabréf Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands

1. tbl. 5. árg. apríl 2003

Formannspistill

Ágætu knattspyrnuþjálfarar !

Það eru aðeins nokkrar vikur þar til að Íslandsmótið í knattspyrnu hefist. Eins og alltaf nota menn misjafnar aðferðir við þjálfunina, bæði á undirbúningstímabilinu og keppnistímabilinu sjálfu. Það er ekkert launungamál að knattspyrnuhallirnar hafa gjörbyllt allri umgjörð í knattspyrnumálum á Íslandi á undanförunum árum. Nú eru komnar fjórar slíkar hallir á landinu, nýlega komu EGILSHÖLL í Reykjavík, FÍFAN í Kópavogi, BOGINN á Akureyri til notkunar og REYKJANESHÖLLIN í Reykjanesbæ hefur verið í notkun í nokkur ár.

Talsvert hefur verið rætt um að fjölga liðum í efstu deild karla og var einmitt tillaga um það sett í millipinganefnd á síðasta ársþingi KSÍ, en tillagan gerði ráð fyrir að breytingin kæmi til framkvæmda á árinu 2006. Með tilkomu knattspyrnuhallanna sé ég ekkert því til fyrirstöðu að sú breyting geti átt sér stað, og komi til framkvæmda 2006 og jafnvel fyrr.

Mörg félög leggja land undir fót um þessar mundir og fara í æfinga- og keppnisferðir, og þá aðallega til Spánar eða Portúgal að þessu sinni. T.d. er sterkt mót sem haldið er á Spáni, CANDELA CUP, þar sem sex úrvalsdeildarlið og eitt fyrstudeildarlið karla taka þátt. Veðurfarið hefur verið það gott í vetur hér á Íslandi að vitað er til þess að einhver félög eru nú þegar byrjuð að æfa á grasi og er það vel. Það þarf ekki alltaf að fara eftir dagatalinu hvenær byrjað er á grasi, heldur verða menn að fara eftir aðstæðum hverju sinni.

Eins og knattspyrnuþjálfarar vita höfum við tekið upp upprunalega merki KÞÍ aftur og nú hefur stjórn félagsins látið útbúa barmmerki og silfur- og gullmerki félagsins, en hugmyndirnar um þau eru kynntar nánar í þessu fréttabréfi.

Ég vil minna menn á hinn árlega matarfund Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands sem verður haldinn á Veitingahúsinu NAUST laugardaginn 26. apríl n.k. Veislustjóri verður Bjarni Jóhannsson þjálfari Grindavíkur. Logi Ólafsson, sá kunnir knattspyrnuþjálfari, verður með fyrirlestur þar sem hann mun bera saman knattspyrnuþjálfun á Íslandi og í Noregi. Matarfundir þessir hafa heppnast mjög vel fram að þessu, en þetta er í fimmta sinn sem slíkur fundur er haldinn, og hvet ég alla sem hafa mætt á þessi kvöld til að mæta áfram og hvetja aðra knattspyrnuþjálfara sem ekki hafa komið áður til að mæta.

Ég vil að lokum óska öllum knattspyrnuþjálfurum góðs gengis í lokaundirbúningi sínum fyrir Íslandsmótið og hvet um leið alla knattspyrnuþjálfara til að vera ákveðna en sanngjarna í sínu starfi. Það er eitt sem er óþolandi að horfa upp á, en það er þegar þjálfarar eru að munnhöggvast á hlíðarlínunni við hvern annan. Talsvert hefur verið um þetta í vetur, þetta er barnalegt og hvet ég alla sem hafa verið að stunda þetta að láta af þessum ósið og það strax, þetta er knattspyrnuþjálfarastéttinni til skammar. Auðvitað geta menn misst eitthvað út úr sér í hita leiksins, en menn eiga að bera virðingu fyrir störfum hver annars, og skilja sáttir að leik loknum, annað er barnaskapur.

Einnig hvet ég knattspyrnuþjálfara til að vinna vel og skipulega með samstarfsfólki sínu og starfsfólki íþróttamannvirkja, það er gott fyrir okkur að hafa þetta fólk með okkur.

Gangi ykkur öllum vel í sumar !

Sigurður Þórir Þorsteinsson
Formaður K.Þ.Í.

Fréttir . . .

RÁÐINN ÞJÁLFAFARI U-21 LIÐS KVENNA

Úlfar Hinriksson hefur verið ráðinn þjálfari U-21 landsliðs kvenna í knattspyrnu næstu tvö árin og verður hann einnig aðstoðarmaður Helenu Ólafsdóttir, þjálfara A-landsliðs kvenna. Úlfar hefur undanfarin ár starfað sem tæknistjóri hjá Breiðabliki auk þess að þjálfa yngri flokka félagsins.

FRÆDSLUFUFUR KSÍ OPNAÐUR

Opnaður hefur verið sérstakur fræðsluvefur á heimasíðu KSÍ, www.ksi.is, en þar er að finna ýmsan gagnlegan fróðleik fyrir þjálfara, dómara, leikmenn og alla áhugamenn um knattspyrnu. Ætlunin er að koma upp öflugu æfingasafni fyrir knattspyrnuþjálfara, svo og kennslugögnum frá þjálfaranámskeiðum KSÍ. Þjálfurum og íþróttakennurum er frjálst að nota kennslugögnin af þjálfaranámskeiðunum í kennslu og þjálfun hjá sér.

BARMMERKI KÞÍ

KÞÍ hefur látið útbúa barmmerki félagsins og meiningin er að þeir sem greiða árgjaldið fyrir árið 2003 fái afhent merki. Einnig hafa verið útbúin gull- og silfurmerki KÞÍ sem áætlað er að nota til að heiðra knattspyrnuþjálfara sem hafa starfað vel fyrir félagið eða unnið farsælt starf við knattspyrnuþjálfun. Stjórn KÞÍ hefur skipað nefnd sem er að útbúa reglugerð um veitingu heiðursmerkja félagsins.

ENN FJÖLGAR FÉLAGSMÖNNUM

Nú hafa 242 knattspyrnuþjálfarar greitt árgjaldi fyrir árið 2002 og hafa aldrei fleiri greitt árgjald félagsins. Stjórn KÞÍ þakkar öllum þeim sem greitt hafa félagsgjaldið og vonast eftir áframhaldandi stuðningi knattspyrnuþjálfara vitta og breytt um landið. Stjórnin hvetur félagsmenn sína til að mæta á Matarfund félagsins 26. apríl n.k. á Veitingahúsinu NAUST við Vesturgötu. Sjá nánar auglýsingu hér neðar.

Matarfundur á Naustinu

Veislustjóri: Bjarni Jóhannsson
Ræðumaður kvöldsins Logi Ólafsson,
ber saman þjálfun íslenskra og noskra
knattspyrnumanna.

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands stendur fyrir matarfundum á
Veitingahúsinu Naustinu við Vesturgötu í Reykjavík,
laugardaginn 26. apríl kl. 19.30 og kostar 3500 krónur inn.

Þátttöku skal tilkynna til stjórnarmanna KÞÍ

FORMAÐUR

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Hs: 567-8028

GSM: 861-9401

sthth@ismennt.is

VARAFORMAÐUR

Njáll Eiðsson

Hs: 552-7131

GSM: 862-5616

sigrunv@itn.is

RITARI

Jóhann Gunnarsson

Hs: 587-2403

GSM: 899-1971

johanng@penninn.is

GJALDKERI

Ómar Jóhannsson

Hs: 565-2761

GSM: 664-4498

omar.johannsson@isb.is

SPJALDSKRÁRRI TARI

Magnús Pálsson

Hs: 565-0574

GSM: 897-4157

magnusp@islandia.is

VARASTJÓRN

Jörundur Áki Sveinsson

Hs: 565-9295

GSM: 895-9472

jakisveinsson@hotmail.com

Elisabet Gunnarsdóttir

Hs: 481-3367

GSM: 899-1276

voffi@simnet.is

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

Brekkubæ 1

110 Reykjavík

Stofnað 1970

Kt: 501279-0139

<http://www.toto.is/felog/kthi/>

kthi@isl.is

Félagið er skráð í Vaxningu 4. árgangur apríl 2003

Umbrot: Andri Ómarsson - Prentun: Stafræna Hugmyndasmiðjan

Þjálfarinn á heimasíðu KÞÍ

Úlfar Hinriksson er fæddur 6. apríl 1972. Stúdent af Íþrótt- og náttúrufræðibraut við Fjölbrautaskólann við Ármúla 1992. Úlfar hefur lokið öllum stigum KSÍ í knattspyrnuþjálfun og nam veturinn 2000 – 2001 á knattspyrnulinu við Danmarks Trænerskole Aalborg.

Æfingarnar eru úr lokaverkefni Úlfars við Danmarks Trænerskole Aalborg. Verkefnið var rannsókn á hraða og hraðabörf sóknarleikmanna leikmanna í þýsku bundesligunni.

Hraðaúthaldsþjálfun - Æfing 1
2 lið með markmönnum. Innan
hvors lið para

2 lið með markmönnum. Innan
hvors lið para útileikmennirnir sig
saman. Parið sem sækir verður að
spretta tilbaka, aftur fyrir keilur
áður en það getur farið að verjast.
Nýtt par kemur inná um leið og
andstæðingarnir hafa skotið á mark
eða misst boltann.

Fjöldi leikmanna: Fjöldi leikmanna
í liði fer eftir því hlutfalli, ákefð/hvöld
(1/5 – 1/10) sem þjálfarinn vill hafa.

Áhersla: hraðaúthald, sækja hratt og klára sókn og spretta aftur í varnarstöðu.

Útfærslur: Ákveðinn tími, ákveðin fjöldi marka, ákveðin fjöldi endurtekninga hjá hverju pari.

Valdimar Pálsson er fæddur 29. janúar 1968 á Akureyri. Valdimar hefur lokið A og B stigi KSÍ. Valdimar tók við þjálfun kvennaliðs Þór/KA/KS sem náði sínum besta árangri síðastliðið sumar í efstu deild. Hann mun þjálfa liðið áfram í sumar. Valdimar var kosinn þjálfari ársins í efstu deild kvenna 2002 hjá KÞÍ.

Æfing 2

Markmið: Æfa samvinnu sóknar-
og varnarmanna.

Aldur: Hentar öllum aldursflokkum.

Svæði/áhöld: Vitateigur, mark og
bolti.

Útskýring: Fimm leikmenn stilla sér
upp

Útskýring: Fimm leikmenn stilla sér upp á vítateigslínuna. Tveir varnarmenn og tveir sóknarmenn eru inni teignum. Leikmaðurinn á vítateigsboganum sendir bolta á annan hvorn sóknarmanninn, en þeir vinna saman og hafa auk þess fimm batta til hjálpar við að reyna að skora framhjá tveimur varnarmönnum og markmanni. Tímalengd æfingar fer eftir aldri leikmanna.

Jón Pétur Róbertsson er fæddur 14. janúar 1962 á Selfossi. Hann lauk námi í Íþrótt- og tólmstundafræði frá Lýðháskólanum í Gautaborg sumarið 2002. Jón Pétur hefur alfarið menntað sig hjá Knattspyrnusambandi Svíþjóðar og hefur náð UEFA Basic og Advance Level sem mótssvarar minnst E-stigi KSÍ. Jón Pétur mun þjálfa 3. flokk karla hjá Fylki árið 2003.

Æfing 3 – Sendingar – Fyrirgjafir

Markmið: Tvær snertingar á 4, 1
og 3. Þ.e.a.s. móttaka og
sending/fyrirgjöf. Timasetja rétt,
bæði hlaupin og sendingarnar og
fyrirgjafirnar.

Lýsing: Hópur 2 byrjar æfinguna
með sendingu á miðherjann 4 sem
í tveimur snertingum sendir á 1
sem í tveimur snertingum sendir
á 3 sem á að fá boltann ca. við
vítateigshornið. 3 gefur síðan
boltann fyrir í tveimur snertingum.

Hlaupin: 2 hleypur í boga í nærstöng og 1 á fjærstöng. 3 fer af stað á sama tíma og 2 sendir boltann á 4. 4 eða miðherjarnir hlaupa beint að marki. Færslur leikmanna eru eftir tölum nema 4 miðherjarnir þeir skiptast á að sækja. Myndin sýnir fyrirgjöf frá hægri. Með því að færa 3 yfir á vinstri kantinn, 4 miðherjann á línu við hóp 1 og boltann til hóps 1 þá sækir þú upp vinstri kantinn með fyrirgjafirnar.

Pistill frá fræðslustjóra KSÍ

Ágætu knattspyrnuþjálfarar,

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum misserum hvað varðar þjálfaramenntun KSÍ. Nú er loks búið að samræma allt námsefni á fyrstu fjórum þjálfarastigum KSÍ svo að endurtekningar á fyrirlesturum á milli stiga eiga að heyra sögunni til. Við höfum sótt um til UEFA að þessi fyrstu fjögur námskeið verði samþykkt sem UEFA B þjálfaragráða. Þetta hefur verið mikil vinna og er mikið hagsmunamál fyrir íslenska knattspyrnuþjálfara. Fari svo að KSÍ fái samþykki frá UEFA þann 20. maí næstkomandi þegar umsókn okkar verður tekin fyrir, mun öllum knattspyrnuþjálfurum á Íslandi sem lokið hafa KSÍ I, II, III og IV (A, B, C og fyrri hluta D-stigs), bjóðast að gangast undir skriflegt próf til að fá þessa gráðu. Þessi réttindi eru alþjóðleg og munu auðvelda íslenskum knattspyrnuþjálfurum að fá réttindi sín metin erlendis og eru um leið gæðastimpill á þjálfaranámskeiðum KSÍ. Einnig mun þessi stimpill auðvelda íslenskum þjálfurum að fá þjálfarastörf erlendis. Undirbúningur að næstu þjálfaragráðu UEFA (UEFA A) er þegar hafinn.

Eins og hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum, þá er komið í gang leyfiskerfi í efstu deild karla og hluti af kröfum þess varðar menntun þjálfara. Í efstu deild karla verður gerð krafa um eftirfarandi menntun hjá þjálfurum viðkomandi flokka. Þjálfarar í meistaraflokki þurfa að hafa lokið æðstu þjálfaragráðu KSÍ sem er nú E-stig og mun væntanlega í framtíðinni verða UEFA A gráða og svo UEFA Pro gráða fyrir árið 2010. Þjálfarar í 2., 3., og 4. flokki þurfa að hafa lokið UEFA B prófi (KSÍ IV, fyrri hluti D-stigs). Þjálfarar í aldurshópunum þar fyrir neðan þurfa að hafa lokið KSÍ II (B-stigi KSÍ).

Ofangreind menntun verður krafa hjá þeim félögum sem eiga lið í efstu deild karla en KSÍ mælir auðvitað með því að þjálfarar kvennaflokka og félög í öðrum deildum leitist eftir að ná þessum markmiðum einnig. Þjálfarar sem hyggjast í framtíðinni þjálfra einhvern flokk hjá liðum í efstu deild ættu að huga að því að afla sér tilskilinna þjálfararéttinda hjá KSÍ. Þjálfaranámskeið KSÍ gengu afbragðsvel á síðasta ári og alls voru 147 þjálfarar sem sóttu þau. Útlit er fyrir að aðsóknin verði ekki minni á þessu ári og til að mynda var langfjölmennasta KSÍ III (C-stig) frá upphafi haldið 21-23. mars síðastliðinn, en þar mætti 41 þjálfari. Griðarleg aðsókn var einnig á KSÍ I (A-stig) síðastliðað haust en þar mættu 62 þjálfarar. Þetta er jákvæð þróun sem mun skila sér í framtíðinni í betri knattspyrnu og hæfari þjálfurum. Vert er að benda á að flest félög styrkja eða borga þjálfaranámskeiðin fyrir þjálfara sína.

Þann 7. mars síðastliðinn var Fræðsluvefur KSÍ opnaður en hann er að aðgengilegur efst á heimasíðu KSÍ. Alls hafa yfir 600 manns farið inn á fræðsluvefinn þessar rúmu 3 vikur sem hann hefur verið í gangi. Á Fræðsluvef KSÍ geta knattspyrnuþjálfarar sótt sér ýmsan fróðleik, skoðað bókasafn og myndbandssafn KSÍ, nálgast kennslugögn af þjálfaranámskeiðum KSÍ, skipst á æfingum við aðra þjálfara, lesið skýrslur frá fyrirlesturum erlendis, náð sér í knattþrautir KSÍ svo eitthvað sé nefnt. Fræðsluvefurinn er vefurinn ykkar og því væri ánægjulegt að fá að heyra frá ykkur hvernig ykkur líkar vefurinn, hvaða efni mætti setja þar inn o.s.frv. Sérstaklega myndi ég fagna því að fá sendar góðar æfingar frá ykkur þjálfurum til að setja í æfingasafnið svo að úr verði öflugt æfingasafn sem getur nýst öllum.

KSÍ hefur hafið sölu á þjálfaraforritinu "The Home Ground" sem er afbragðssniðugt og einstaklega einfalt þjálfaraforrit sem fæst á hlægilegu verði á aðeins 5.000 krónur. Forritið nýtist þjálfurum í að búa til æfingar og skiptast á þeim, í töflufundi, til að sýna leikmönnum færslur og hreyfingar (animation), föst leikatriði, liðsuppstillingar o.fl. Áhugasömum þjálfurum er bent á að hafa samband við undirritaðan.

Að lokum óska ég ykkur þjálfurum velfarnaðar í starfi og hvet ykkur til að leita eftir menntun og þekkingu eftir fremsta megni, því það getur aðeins bætt starf ykkar. Knattspyrnuþjálfarafélaginu þakka ég ánægjulegt samstarf og það tækifæri að fá að koma þessum upplýsingum á framfæri. Gangi ykkur vel þjálfarar á komandi keppnistímabili.

Knattspyrnukveðja

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri KSÍ

